



Alþingi
Erindi nr. P 139/127/
komudagur 10.2.2011

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. febrúar 2011
Tilvísun: 2011020006
KHS/BH
Tölvupóstur dags. 03.02.2010.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um farþegagjald og gistináttagjald, 359. mál

Vegagerðinni barst frumvarp til laga um farþegagjald og gistináttagjald til umsagnar 3. febrúar sl.

Með framangreindum lögum er fyrirhugað að leggja farþegagjald á alla farþega um borð í flugförum og farþegaskipum að undanskildum farþegum með ferjum og flóabátum í áætlunarferðum enda komi ferjan í stað þjóðvegasambands og rekstur hennar njóti styrks samkvæmt vegalögum nr. 80/2007. Vegagerðin bendir á að fimm leiðir í áætlunarflugi njóta styrkja ríkisins, þar sem ekki er hægt að halda úti ferðum án styrkja. Verður að telja líklegt að farþegagjaldið íþyngi farþegum og rekstraraðilum þessara áætlunarferða verulega, sem muni kalla á frekari þörf á styrkjum frá ríkinu. Eftirtalдар áætlunarleiðir í flugi eru styrktar af ríkinu:

Gjögur - Reykjavík
Bíldudalur - Reykjavík
Grímsey - Akureyri
Vopnafjörður - Þórshöfn - Akureyri
Höfn - Reykjavík

Vegagerðin gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri.